



Reykjavík, 1. nóvember 2019

Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið  
Skúlagötu 4  
101 Reykjavík  
Málefнасvið: Orkumál

## Árétting - Umsögn Orku heimilanna um drög að reglugerð um raforkuviðskipti og mælingar

Í fyrri umsögn okkar um drögin bendum við á að þau virðast vera einhverskonar millibilsleið þar sem ekki eru skýr verkaskipti milli söluaðila og dreifiveitna.

Eftir að hafa lesið umsagnar annarra í samráðsgáttinni teljum við ljóst að á undan þessum drögum sem nú eru til umsagnar hafi verið önnur drög. Hagsmunaaðilar virðast hafa haft aðkomu að þeim drögum og fengið viðsnúið mikilvægum markmiðum reglugerðarinnar, að sölufyrirtæki séu aðal samskiptaaðilar við notendur vegna söluaðilaskipta, notendaskipta og innheimtu vegna sölu, dreifingar og flutnings rafmagns.

Við furðum okkur á þessu verklagi og teljum að eðlilegt sé að allir fái að sjá upprunalegu drögin sem gerð voru og hafi möguleika á að leggja fram umsögn um þau.

Virðingarfyllst,

Orka heimilanna

Bjarni Ingvar Jóhannsson  
Framkvæmdastjóri

Loftur Már Sigurðsson  
Sérfræðingur raforkuviðskipta